

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur um endurgreiðslu á virðisaukaskatti.

1. *Hversu margar umsóknir bárust um 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vinnu á byggingarstað við:*
 - a. *nýbyggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga,*
 - b. *viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis,*
 - c. *nýbyggingu húsnæðis í eigu sveitarfélaga,*
 - d. *viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga, vegna áraanna 2009 og 2010?*

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda umsókna sundurliðaðar eftir tegund þeirrar vinnu sem unnin var á árunum 2009 og 2010. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi umsókna
Tegund vinnu	2010	2009
a. Nýbygging íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga	1.339	2.132
b. Viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis	13.479	12.579
c. Nýbygging húsnæðis í eigu sveitarfélaga	219	148
d. Viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga	1.442	1.217
Samtals fjöldi afgreiddra beiðna	16.479	16.076

2. *Hver er heildarfjárhæð endurgreiðslna samkvæmt framangreindri skiptingu og eftir gömlu skattumdæmunum eða annarri skiptingu sem gefur vísbendingu um dreifingu endurgreiðslna á milli landshluta?*

Til svars við 2. tölul. eru eftirfarandi yfirlit:

a. Yfirlit sem sýnir heildarfjárhæð endurgreiðslna og samtölu vinnuliða vegna nýbygginga og viðhalds og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði í eigu einstaklinga á árunum 2009 og 2010, skipt eftir gömlu skattumdæmunum.

b. Yfirlit sem sýnir heildarfjárhæð endurgreiðslna og samtölu vinnuliða vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis í eigu sveitarfélaga, eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, á árunum 2009 og 2010, skipt eftir gömlu skattumdæmunum.

Yfirlitin byggjast á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra:

Árið 2010 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	216,8	162,9	14,4	4,2	3,0	60,0	20,6	26,0	1,7	509,6
Vinna á byggingarstað	850,3	638,9	56,4	16,3	11,9	235,4	80,8	101,8	6,5	1.998,3
Endurgreiðsla - endurbætur	975,5	388,1	51,7	43,2	47,1	111,3	34,7	63,6	27,8	1.743,0
Vinna á byggingarstað	3.825,5	1.521,8	202,8	169,3	184,6	436,5	136,3	249,6	109,0	6.835,3
Samtals vinnuliður	4.676	2.161	259	186	197	672	217	351	115	8.833,6
Samtals endurgreitt	1.192	551	66	47	50	171	55	90	29	2.252,6

Árið 2009 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	306,4	294,5	29,3	3,2	9,1	60,5	23,5	62,4	0,8	789,6
Vinna á byggingarstað	1.285,5	1.308,8	128,6	14,4	37,0	256,0	104,7	274,5	4,8	3.414,3
Endurgreiðsla - endurbætur	1.093,3	369,9	58,1	44,9	40,9	94,8	27,7	77,6	24,7	1.831,9
Vinna á byggingarstað	4.661,4	1.558,0	246,0	199,1	172,3	395,5	117,5	333,2	104,6	7.787,6
Samtals vinnuliður	5.946,9	2.866,8	374,6	213,4	209,3	651,5	222,2	607,8	109,4	11.201,8
Samtals endurgreitt	1.399,7	664,5	87,3	48,1	49,9	155,3	51,2	140,0	25,4	2.621,5

Árið 2010 – Heildarendurgreiðsla til sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	95,6	87,8	11,0	0,0	74,0	61,9	0,7	13,2	20,5	364,6
Vinna á byggingarstað	374,8	344,1	43,2	0,0	290,2	242,6	2,9	51,6	80,3	1.429,7
Endurgreiðsla - endurbætur	8,4	38,5	28,5	16,5	37,0	54,6	11,4	2,1	1,2	198,1
Vinna á byggingarstað	32,8	150,9	111,6	64,6	145,0	214,0	44,9	8,4	4,7	776,9
Samtals vinnuliður	407,5	495,0	154,8	64,6	435,2	456,6	47,7	60,1	85,0	2.206,6
Samtals endurgreitt	103,9	126,2	39,5	16,5	111,0	116,4	12,2	15,3	21,7	562,7

Árið 2009 – Heildarendurgreiðsla til sveitarfélaga eða stofnana og félaga sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla - nýbyggingar	139,82	309,99	4,03	0,00	18,14	98,54	41,08	2,80	5,51	619,9
Vinna á byggingarstað	570,71	1.265,28	16,46	0,00	74,02	402,20	167,69	11,42	22,49	2.530,3
Endurgreiðsla - endurbætur	0,26	44,20	29,83	6,45	53,09	27,89	12,70	5,72	6,15	186,3
Vinna á byggingarstað	1,08	180,40	121,76	26,32	216,71	113,85	51,86	23,35	25,11	760,4
Samtals vinnuliður	571,79	1.445,68	138,22	26,32	290,73	516,04	219,54	34,77	47,60	3.290,7
Samtals endurgreitt	140,09	354,19	33,86	6,45	71,23	126,43	53,79	8,52	11,66	806,2

3. Hver var fjöldi umsókna og heildarfjárhæð endurgreiðslna virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað á árunum 2007 og 2008?

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda umsókna sundurliðaðar eftir tegund þeirrar vinnu sem unnin var á árunum 2007 og 2008. Upplýsingarnar eru byggðar á gögnum frá embætti ríkisskattstjóra. Ekki var um endurgreiðslu til sveitarfélaga að ræða á þessum árum.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi umsókna
Tegund vinnu	2008	2007
a. Nýbygging íbúðar- og frístundahúsnæðis í eigu einstaklinga	2.306	1.952
b. Viðhald og endurbætur sams konar húsnæðis	6.557	4.957
c. Nýbygging húsnæðis í eigu sveitarfélaga	-	-
d. Viðhald og endurbætur húsnæðis í eigu sveitarfélaga	-	-
Samtals fjöldi afgreiddra beiðna	8.863	6.909

Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarendurgreiðslu til einstaklinga í millj. kr. á árunum 2007 og 2008. Ekki var um að ræða endurgreiðslu til sveitarfélaga á þessum árum.

Árið 2008 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla nýbyggingar	200,5	407,1	35,5	8,1	4,4	32,8	13,2	51,1	1,8	754,6
Vinna á byggingarstað	1.363,6	2.769,7	241,8	55,4	29,8	222,9	89,8	347,9	12,6	5.133,4
Endurgreiðsla - endurbætur	643,6	185,2	26,3	18,4	21,6	51,4	14,6	26,0	12,9	999,9
Vinna á byggingarstað	4.378,1	1.259,7	178,6	125,1	147,1	349,6	99,1	177,0	88,0	6.802,3
Samtals vinnuliður	5.741,7	4.029,4	420,4	180,5	176,9	572,5	188,9	524,8	100,5	11.935,7
Samtals endurgreitt	844,0	592,3	61,8	26,5	26,0	84,2	27,8	77,2	14,8	1.754,5

Árið 2007 – Heildarendurgreiðsla til einstaklinga í millj. kr.

Skattstofa	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austurland	Suðurland	Vestm.-eyjar	Samtals
Endurgreiðsla nýbyggingar	249,4	249,8	66,5	5,6	6,6	36,4	19,0	43,4	0,7	677,5
Vinna á byggingarstað	1.696,9	1.699,6	452,1	38,0	45,2	247,7	129,1	294,9	5,1	4.608,6
Endurgreiðsla - endurbætur	485,7	141,5	22,4	12,2	14,9	30,9	12,8	20,2	7,2	747,9
Vinna á byggingarstað	3.304,3	962,5	152,1	83,3	101,6	210,5	87,4	137,2	49,0	5.087,9
	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals vinnuliður	5.001,2	2.662,0	604,2	121,3	146,8	458,2	216,5	432,1	54,1	9.696,5
Samtals endurgreitt	735,2	391,3	88,8	17,8	21,6	67,4	31,8	63,5	8,0	1.425,4

4. Hversu mörg störf má ætla að átakið „Allir vinna“ hafi skapað á árunum 2009 og 2010?

Hvatningarátakinu Allir vinna var hleypt af stokkunum þann 7. júlí 2010 af stjórnvöldum í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Markmið átaksins var að draga úr þeim gríðarlega samdrætti sem varð í mannvirkjagerð í kjölfar efnahagshrunsins á árinu 2008. Átakinu var þannig ætlað að örva atvinnuskapandi framkvæmdir og vekja athygli á endurgreiðslu virðisaukaskatts og skattfrádrætti vegna framkvæmda við íbúðarhúsnæði og frístundahús vegna vinnu við viðhald eða endurbætur á húsnæði á byggingarstað.

Ljóst er af þeim tölum sem raktar eru hér að framan að það að taka upp 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu á byggingarstað leiddi til þess að heimili réðust í framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem þau hefðu annars ekki gert. Þegar litið er á framangreindar

tölur og skiptingar endurgreiðslna til einstaklinga á milli nýbygginga og endurbóta má sjá að á árinu 2007 skiptust endurgreiðslur til einstaklinga um það bil að jöfnu milli vinnu við nýbyggingar og viðhalds. Á árinu 2008 var hlutur viðhalds orðinn 57%, á árinu 2009 var hlutur viðhalds orðinn 70% og á árinu 2010 var hlutur viðhalds orðinn 77%. Þannig hafa viðhaldsverkefni á vegum einstaklinga tekið hluta af högginu af mannvirkjagerðinni. Á árinu 2010 hafa heimili ráðist í heldur fleiri en smærri viðhaldsverkefni en á árinu 2009 enda umsóknarfjöldinn meiri.

Erfitt er að meta af einhverri nákvæmni hversu mörg störf hafa orðið til vegna þeirra atvinnuskapandi aðgerða í mannvirkjagerð sem stjórnvöld hafa gripið til og lýst er hér að framan. Óhætt er að fullyrða miðað við þær tölur sem fyrir liggja og fram koma í svörunum við 1.–3. tölul. að þær hafa dregið atvinnuleysi um einhver þúsund ársverka á árunum 2009 og 2010.